

Nd.

### 325. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

#### 1. gr.

1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórn landslista núverandi stjórnmaflokka með bókstöfunum A, B, C og D, eftir þeirri röð, sem heiti flokkanna verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð. Landslisti nýs stjórnmaflokks skal merktur þeim upphafsstaf, sem næstur er í stafrófinu á eftir bókstöfum þeirra flokka, sem fyrir eru. Landslistar fleiri en eins nýs stjórnmaflokks skulu merktir upphafsstöfum á sama hátt, í þeirri röð, sem listarnir koma fram, er flokkarnir í fyrsta sinn hafa lista í kjöri. Sami stjórnmaflokkur skal jafnan hafa þann listabókstaf, sem hann einu sinni hefur hlotið. Ef stjórnmaflokkur á ekki landslista í kjöri, skal enginn listi merktur listabókstaf þess flokks.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Það er alkunna, að ákvæði núgildandi kosningalaga um merkingu framboðslista stjórnmaflokka við hlutbundnar kosningar hafa oftlega leitt til ýmiss konar erfiðleika, glundroða og misskilnings. Sprettur það af því, að hinir ýmsu stjórnmaflokkar hafa ekki haft sama listabókstaf á öllum þeim stöðum, er þeir hafa boðið fram á. Hefur þetta valdið kjósendum og flokkum miklu óhagræði. Mætti nefna þar til mörg dæmi, nú síðast frá bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum, er fram fóru þann 29. jan. s. l.

Í frv. þessu er lagt til, að úr þessu verði bætt. Gert er ráð fyrir, að lögákveðnir verði listabókstafir þeirra stjórnmaflokka, sem nú eru starfandi í landinu. Listar nýrra stjórnmaflokka, sem kynnu að verða stofnaðir, verði hins vegar merktir í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistunum, eftir þeirri röð, er þeir koma fram í í fyrsta sinn, er flokkarnir hafa lista í kjöri. Utanflokkaistar verði merktir á eftir flokkslistum, eins og kosningalög gera nú ráð fyrir.

Samkvæmt 22. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar mundi þessi breyting laga um kosningar til Alþingis einnig taka til bæjar- og sveitarstjórnarkosninga.